

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 58/2001**

frá 18. maí 2001

**um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn
um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 86. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Bókun 31 við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 24/2000 frá 25. febrúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Rétt er að útvíkka samstarf samningsaðila þannig að það nái til ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2850/2000/EB frá 20. desember 2000 um að setja ramma um samstarf innan bandalagsins varðandi viljandi eða óviljandi mengun sjávar⁽²⁾.
- 3) Því ber að breyta bókun 31 við samninginn til þess að þetta útvíkkaða samstarf geti hafist frá 1. janúar 2001.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 103, 12.4.2001, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 20, 12.4.2001, bls. 339.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 1.

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í 3. gr. (Umhverfismál) í bókun 31 við samninginn:

- „4. EFTA-ríkin skulu, frá 1. janúar 2001, taka þátt í aðgerðaráætlun bandalagsins sem um getur í 7. gr.
5. EFTA-ríkin skulu leggja fram fé til aðgerðaráætlunar bandalagsins sem um getur í 7. gr. samkvæmt a-lið 1. mgr. 82. gr.
6. EFTA-ríkin skulu taka fullan þátt í nefndum EB sem aðstoða framkvæmdastjórn EB við stjórnun, mótun og framkvæmd aðgerðaráætlunarinnar sem um getur í 7. mgr.
7. Eftirfarandi gerð bandalagsins sem og afleiddar gerðir hennar eru efni þessarar greinar:
 - **32000 D 2850**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2850/2000/EB frá 20. desember 2000 um að setja ramma um samstarf innan bandalagsins varðandi viljandi eða óviljandi mengun sjávar (Stjtið. EB L 332, 28.12.2000, bls. 1).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. maí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

Hún kemur til framkvæmda frá 1. janúar 2001.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 18. maí 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann